

Mannkynssaga frá 1800
SAGA2SÍ05
Námsáætlun Haustönn 2021



| | | | |
|----------------|--------------------|---------------|-----|
| Kennari | Pröstur Ásmundsson | Sk.st. | ÞRÁ |
|----------------|--------------------|---------------|-----|

Áfangalýsing:

Þessi áfangi spannar það skeið sem kennt er við nútíma, frá frönsku byltingunni til líðandi stundar. Þetta eru tímar tæknibreytinga, hugsjóna og hagsmuna sem hafa leitt til kjarabóta, velmegunar og menningarauka en einnig stórstyrjala og hörmunga á 20. öld. Í áfanganum verða teknir til umfjöllunar nokkrir valdir efnisflokkar, t.d. hversdagslíf og hugmyndastefnur á 19. öld, tilraunir manna til að breyta heiminum og lífsskilyrðum sínum til hins betra. Áhersla á að tengja námsefnið reynsluheimi nemanda og auka víðsýni hans.

Markmið:

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- helstu hugtökum og persónum sem tengjast þeim viðfangsefnum sem fjallað verður um í áfanganum
- tegundum heimilda og helstu vinnubrögðum við heimildaleit og heimildanotkun
- samhengi sögunnar og hvernig fortíðin birtist okkur og lifir í nútíðinni

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- vinna með heimildir
- tjá sig um viðfangsefni sögunnar
- vinna jafnt sjálfstætt og með öðrum að viðfangsefnum
- nota ólík miðlunarform til að koma þekkingu sinni á framfæri

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- meta söguleg fyrirbæri út frá forsendum hvers tíma og sjá tengsl þeirra við nútímann
- tjá sig um söguleg álitamál
- deila þekkingu sinni með öðrum
- sýna frumkvæði og skapandi hugsun
- beita gagnrýninni hugsun á viðfangsefni sögunnar

Námsgögn:

Gunnar Karlsson og Sigurður Ragnarsson: Nýir tímar – Saga Íslands og umheimsins frá lokum 18. aldar til árpúsundamóta (Rvík 2006)

Mannkynssaga frá 1800
SAGA2SÍ05
Námsáætlun Haustönn 2021



Áætlun um yfirferð og fyrirlögn námsmatspátta:

| Tímabil (vikunúmer/lotun úmer) | Námsefni (verklegt og bóklegt) | Heimavinna/verkefni | Vægi námsmatspátta |
|--------------------------------|--|---------------------|--------------------|
| 1 Vikur 33-37 | Draumur um betra líf – kaflar I: 1 – 9 Eftirmálar frönsku byltingarinnar | Hópverkefni 1 | 10% |
| 2 Vikur 38-42 | Nýir hugmyndastraumar á Íslandi. Kaflar II: 1 – 14. Sjálfstæðisbaráttan á Íslandi | Heimildaverkefni | 15% |
| 3 Vikur 43-46 | Tækninyngur til góðs eðs ills. III: 1 – 12 Lönbyltingin og samfélagslegar og pólitískar breytingar sem af henni leiddu. | Hópverkefni 2 og 3 | 20% |
| 4 Vikur 47-48 | Kapítalisminn í kreppu og stríði IV: valdir kaflar | Hópverkefni 4 og 5 | 15% |

Námsmat og vægi námsmatspátta:

| Matsform: <input type="checkbox"/> Símat <input type="checkbox"/> Lokapróf/valið lokapróf <input type="checkbox"/> Lokaverkefni | | |
|---|--|------|
| Námsmatsþættir | Lýsing námsmatspátta | Vægi |
| Annarpróf | Skriflegt lokapróf. Nemendur verða að fá 4 til að vetrarvinna komi til einkunnar | 40% |
| Hópverkefni | 4 hópverkefni gilda 10% og 1 verkefni gildir 5% | 45% |
| Heimildaverkefni | Sjálfstæðisbaráttan á Íslandi | 15% |
| | | |
| | | |
| | | |
| | | |
| | | |

Einkunnir fyrir hvern námsmatsþátt eru birtar í INNU á því formi sem best hentar.

Námsáætlun er birt með fyrirvara um breytingar og vegna heimsfaraldurs COVID 19 getur skipulag og kennsluhættir breyst frá því sem hér segir.

Dagsetning: 17.8.2021


Undirritun kennara


Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils